

Fundargerð

9. fundur svæðisráðs um gerð strandsvæðisskipulags á Austfjörðum

28. september 2021 kl. 13:00, fjarfundur

Mætt:

Stefán Gíslason (SG), formaður svæðisráðs stýrði fundi.

Aðrir fulltrúar svæðisráðs: Ásta Einarsdóttir (ÁE), Eggert Ólafsson (EÓ), Elfa Hlín Sigrúnar Pétursdóttir (EHP), Erla Sigríður Gestsdóttir (ESG) og Eydís Ásbjörnsdóttir (EÁ), Gauti Jóhannesson (GJ) og Jón Björn Hákonarson (JBH).

Frá Skipulagsstofnun: Ester Anna Ármannsdóttir (EAÁ) og Hrafnhildur Magnúsdóttir (HM) sem ritaði fundargerð. Íris Anna Karlsdóttir frá VSÓ ráðgjöf.

Dagskrá fundar:

1. Fundargerð 8. fundar

Ræddar voru athugasemdir við fundargerð 8. fundar sem fulltrúar höfðu fengið senda með tölvupósti. Samþykkt var fundargerð yrði send fulltrúum í tölvupósti til samþykktar.

2. Framhald kynningar á fyrstu drögum að nýtingu á skipulagssvæðinu í heild.

Yfirferð yfir nýtingu strandsvæða fyrir Austfirði haldið áfram sem frá var horfið. Farið var yfir það svæði sem ekki tókst að ljúka fyrstu umfjöllun um innan skipulagðs fundartíma 8. fundar, syðsta hluta skipulagssvæðisins frá Stöðvarfirði að Hvítungum. Líkt og áður kynnti Íris Anna Karlsdóttir frá VSÓ ráðgjöf drögin og fór yfir þá hluta skipulagssvæðisins sem eftir voru, sem síðan voru teknir til umræðu út frá mismunandi nýtingarmöguleikum.

EAÁ sagði stuttlega frá því sem fram kom á fundum með hafnar- og siglingaryfirvöldum og með Náttúrufræðistofnun Íslands.

3. Önnur mál

Samþykkt var að fundargerð yrði send fulltrúum í tölvupósti til samþykktar.

Fundi var slitið klukkan 14:30.